



HJARTASTEINN

Leikstjóri **Guðmundur Arnar
Guðmundsson**

www.kvikmyndavefurinn.is/films/nr/1711

Hjartasteinn er hrá og falleg mynd um vináttu, ást og kynhneigð í upphafi kynþroska. Um það að alast upp í litlu sjávarþorpi á Íslandi og finnast þú vera öðruvísi, vilja tilheyra en þrá samtímis að komast burt – og um þrúgandi karlamenningu.

Myndin og kennsluáætlunin

Hjartasteinn hentar fullkomlega sem innblástur að samræðum um kynjahlutverk, karlamenningu, LGBTQ-réttindi og kvenréttindi. Umræðuefni þar sem margt hefur gerst síðan á 10. áratugnum þegar myndin gerist. Enn fremur geta hispurslausar en ljúfar lýsingar á vináttu, ást og kynhneigð verið fyrirtaks útgangspunktur í kynfræðslu, ekki síst þar sem um er að ræða efni eins og kröfur, losta og samþykki. Í myndinni

er notað myndmál merkingarþrungið myndmál sem er í góðu jafnvægi þar sem náttúran, líkaminn og tilfinningarnar eru miðpunktur alls, og hentar myndin því vel til kennslu í kvikmyndafræði þegar rætt er um uppbyggingu, sjónarhorn, myndmál, líkingar og dramatúrgíu.

Söguþráður:

Lítið sjávarþorp á Íslandi. Það er sumar og úti á bryggju standa nokkrir þrettán ára strákar og veiða. Einn þeirra, Þór, fer með fenginn heim til mómmu sinnar sem verður stórhrifin, segist ætla að verka fiskinn og heldur svo áfram að njóta sólarinnar. Þór fer inn í sturtu og veltir fyrir sér hárleysi í handarkrikum og á pungnum. Þegar hann kemur fram af baðherberginu hendir eldri systir hans honum berrösuðum út og lokar útidyrnunum meðan Kristján, besti vinur hans, horfir orðlaus á. Mamma Þórs bjargar honum og systkinaslagur hefst.

Pór og Kristján fara víða í þorpinu, spjalla, rústa bílhræjum, horfa á nektarmyndir og rassskella hvorn annan í gríni. Þeir hitta vinkonur sínar, Betu og Hönnu þar sem unglíngarnir í þorpinu eru vanir að hittast, en þar er líka eldri strákahópur undir forystu Hauks.

Pór og Kristján fara í sannleikann eða kontór með Betu og Hönnu. Pór hefur greinilegan áhuga á Betu sem kyssir frekar Hönnu en hann. Þegar strákarnir eru manaðir til að kyssast fyllist Pór viðbjóði og Kristján vill hætta leiknum. Þau gista öll heima hjá Betu og þegar Pór vaknar næsta dag hefur hann pissað á sig í svefni. Hann laumar sönnunargögnunum undan og Kristján sér um blaut lökin þegar hann vaknar.

Mamma Þórs heimtar nú að hann hendi fiskinum sem farinn er að skemmast. Pór reiðist en hlýðir og hendir um leið hlandblautum nærbuxunum í sjóinn. Um kvöldið biður systirin Hafdís þá Pór og Kristján að sitja fyrir hjá sér og þegar þeim eru boðnir peningar fyrir samþykkja þeir með semingi að láta mála sig, farðaða og uppdubbaða. Næsta dag hjálpa piltarnir nágrannanum Sveini að taka saman hey og sinna kindum og hestum. Beta og Hanna mana Pór og Kristján til að taka hesta Sveins í óleyfi og koma með í útilegu. Þegar kvöldar fara Pór og Beta í göngutúr og kyssast meðan Kristján og Hanna kela heima í tjaldi, þótt áhugalaus séu hvort um annað. Næsta morgun birtist pabbi Kristjáns og slær son sinn. Þegar heim kemur bíða Kristjáns meiri barsmiðar og þegar móðirin andmælir heyrir Kristján gegnum dyrnar þegar faðirinn lemur hana. Þegar Pór og Kristján hittast aftur rífast þeir um hvor þeirra eigi verri pabba, en rífrildið breytist fljótt í hlátur og pústra.

Þegar pabbi Kristjáns tekur strákana með sér að sækja egg í klett skammt undan munar litlu að Pór lendi í slysi. Strákarnir faðmast innilega, fegnir því að allt fór vel. Í stað þess að vera með Kristjáni ver Pór kvöldinu heima hjá Betu og þau hafa samfarir að hennar frumkvæði. Á meðan verður Kristján aftur

vitni að rífrildi foreldra sinna og fer heim til Þórs. Systirin Hafdís segir honum að Pór sé heima hjá Betu. Þegar hún segir að það sé allt í lagi þótt Kristján sé hommi verður hann miður sín og felur sig í hesthúsi Sveins þar sem hann hágrætur.

Sveinn kemur ríðandi og heyrir skoti hleypt af. Það er Kristján sem reynir að fyrirfara sér. Á meðan liggur Pór himinglaður í grasinu og horfir til himins. Þegar hann kemur heim fær hann fréttirnar, fer upp í rúm og fer ekki fram úr í marga daga.

Að lokum er Pór rekinn út til að fá sér hreint loft. Krakkarnir á fótboltavellinum kalla „hommi“ á eftir honum og hann rífst við Betu sem segir að Kristján sé væntanlegur af sjúkrahúsi sama dag. Beta slítur síðar sambandinu við Pór og foreldrar Kristjáns neita að leyfa Pór að hitta Kristján. Pór gengur berserksgang heima, reiður og dapur. Að lokum tekst honum að klifra inn um glugga hjá Kristjáni og strákarnir tala saman, haldast í hendur og gráta. Kristján segir frá því að foreldrar hans séu að skilja og að hann flytji til Reykjavíkur. Á leið frá Kristjáni kemur Pór við á bryggjunni þar sem sagan hófst. Þar stendur yngri strákur og veiðir eins og Pór og vinir hans gerðu – sem virðist nú svo langt síðan.

Þroskamyndir – kvikmyndaflökkur

Hjartasteinn fjallar um fólk á mörkum bernsku og æsku. Sumarið hjá þeim Pór, Kristjáni, Betu og Hönnu hefur í för með sér miklar breytingar fyrir þau, bæði sem einstaklinga og í samskiptunum milli þeirra.

Hvaða breytingar – líkamlegar og sálrænar – upplifa aðalpersónurnar, Pór og Kristján?

Hvernig breytast samskiptin milli þeirra í myndinni?

Börn sem eru að verða að unglíngum (eða unglíngar sem verða að ungmönnum sem er algengara umfjöllunarefni) eru svo algengt þema í myndum að til er flokkur sem kalla mætti þroskamyndir. Þær gerast

oft á afmörkuðu tímabili (til dæmis einu sumri), þar er lýst ákveðnum arburðum sem hafa afgerandi þýðingu fyrir aðalpersónu myndarinnar og lýsa því hvernig viðkomandi þroskast/breytist vegna þeirra.

Nefndu dæmi um nokkrar þroskamyndir! Ef þér dettur ekkert í hug geturðu leitað að nöfnum á netinu. Sjá tillögur hér fyrir neðan.

Berðu *Hjartastein* saman við aðrar þroskamyndir. Hvaða líkindi sérðu? Hvernig er hún öðruvísi en sígildar myndir í þessum flokki?

Kynþroskinn og fullorðinsárin

Fyrir utan allar þær tilfinningalegu og félagslegu breytingar sem aðalpersónurnar ungu upplifa í *Hjartasteini* eru líkamar þeirra í umfangsmiklu breytingaferli – kynþroskanum. Þór hefur sérstakan áhuga á að skoða spegilmynd sína og hárleysi.

Hvers vegna tekur Þór hár úr hárburstanum og setur á punginn á sér? Hvernig brástu við því atriði?

Hvernig er fyrir Þór að vera ekki enn kominn með hár á punginn og í handarkrikana? Af hverju skiptir það hann máli að virðast ekki óþroskaður í samanburði við félagana?

Stelpurnar í *Hjartasteini* virðast kynferðislega þroskaðri en strákarinn. Þær eru ófeimnari, taka fremur frumkvæði og virðast reyndari.

Af hverju heldurðu að stelpunum sé lýst þannig að þær séu þroskaðri en strákarni?

Beta er tvisvar kölluð hóra. Hvers vegna? Hvernig brástu við því? Hvernig bregst Beta við því? Hvernig bregðast vinirnir við því?

Myndmál og túlkun

Í *Hjartasteini* er fjöldi atriða, mynda og atburða sem eru þrungið táknrænu myndmáli. Mörg þeirra má tengja við þann þroska og breytingar sem Þór og Kristján ganga í gegnum.

Veltu fyrir þér eftirfarandi atriðum og táknrænni merkingu þeirra:

- Fuglafæturnir í snörunni sem fuglinn hefur nagað af til að geta losað sig?
- Hálsmenið sem mamma Þórs átti að fá en hann gefur Betu?
- Óvænt snjókomu þegar Kristján reynir að fyrirfara sér og Þór hefur nýlega haft samfarir í fyrsta sinn?

Upphaf myndarinnar og endir eru áþekkt, á sama stað og með sömu atburðarás en ýmislegt er þó ólíkt. Endurtekning af þessu tagi er algengt stef í kvikmyndum og er oft lykill að túlkun myndarinnar. Hver eru þessi lykilaatriði í *Hjartasteini*? Hvað er ólíkt með frásögninni í upphafi og við lok myndarinnar?

Á íslensku, heitir myndin *Hjartasteinn*, á ensku heitir hún *Heartstone*.

Af hverju heitir myndin þetta? Hvað er hjartasteinn?

Kynjaskipt samfélög

Skýr skil eru milli unglínganna í *Hjartasteini*, strákar og stelpur. Þór og Kristján umgangast nær stöðugt eins og Beta og Hanna, og virðast bera gagnkvæmt traust hvor til annars sem og tilfinningar sem þeir deila ekki með öðrum. Þeir eru einfaldlega bestu vinir.

Hvað gera Þór og Kristján þegar þeir eru einir saman? Um hvað tala þeir?

Við fáum miklu minna að vita um Betu og Hönnu þar sem þær eru ekki aðalpersónur myndarinnar, heldur aukapersónur. En við getum reynt að gera okkur sitthvað í hugarlund um þær til að styrkja persónur þeirra.

Hvað gera Beta og Hanna þegar þær eru einar saman? Um hvað tala þær?
Hvernig myndirðu lýsa sambandi þeirra?

Oft birtast samfélagslegar væntingar um það hvernig strákar eða stelpur eiga að haga sér og þessi viðmið eru sérlega skýr í *Hjartasteini*, ekki síst þegar krakkarnir fara í sannleikann eða kontór.

Af hverju virðist það frekar í lagi að Beta og Hanna kyssist en að Þór og Kristján geri það?
Hvers vegna gefur Þór viðbjóð til kynna þegar hann kyssir Kristján?
Af hverju vill Kristján hætta leiknum?

Karlamenning og hommafælni

Í bænum sem er sögusvið myndarinnar er mikil karlamenning. Hún hefur neikvæð áhrif á alla, þar sem hún skerðir persónu- og athafnafrelsi fólks.

Hvað þýðir karlamenning og hvað felst í henni? Flettu því endilega upp en notaðu áreiðanlegar heimildir! Sjá mögulega hlekki fyrir neðan.

Hvaða persónur í *Hjartasteini* eru fulltrúar karlamenningarinnar?

Hvaða áhrif hefur karlamenning á fullorðnu konurnar í myndinni?

Hvaða áhrif hefur karlamenningin á Kristján og Þór?

Á hvern hátt virkar karlamenningin neikvætt á þá sem viðhalda henni, til dæmis pabba Kristjáns og Hauks.

Hommafælni er útbreidd í bænum.

Hvað þýðir hommafælni og hvað felst í orðinu? Flettu því endilega upp en notaðu áreiðanlegar heimildir! Sjá mögulega hlekki fyrir neðan.

Á hvern hátt birtist hommafælnin í bænum?

Hvernig verður Kristján fyrir barðinu á henni?
Af hverju reynir hann að fyrirfara sér?

Í kvikmyndum er þeim oft refsað sem ekki fylgja norminu – allt frá ungum samkynhneigðum yfir í kynferðislega virkar konur – oft með skyndilegu andláti fyrir eigin eða annarra hendi. Hvernig er þessu lýst í kvikmyndum og af hverju er þetta vandamál?

Hvernig verður Þór fyrir barðinu á hommafælni bæjarbúa?
Hvers vegna neitar hann því að Kristján sé hommi?

Þór og Kristján eiga í nánu sambandi. Vinátta þeirra er trygg og traust og þeir eru ófeimnir við snertingu, stundum í formi rassskellinga og stundum í formi slagsmála. Smám saman kemur í ljós að vinarhugur Kristjáns til Þórs er blandaður ástarhug.

Hvenær í myndinni áttaðirðu þig á að Kristján er skotinn í Þór?

Hvenær skilur Þór að Kristján elskar hann?
Hvernig bregst hann við?

Hvers vegna segir Kristján ekki Þór hug sinn?

Hvers vegna kelar Kristján við Hönnu í tjaldinu?

Sterkar og brotnar fjölskyldur

Þór og Kristján alast upp í gerólíkum fjölskyldum, þar sem samsetningin er gerólík og andrúmsloftið líka.

Lýstu fjölskyldu Þórs. Hverjir tilheyra henni?
Hvernig myndirðu lýsa fjölskyldumeðlimum?
Hvernig eru innbyrðis samskipti þeirra?
Hvernig lítur heimilið út?

Lýstu fjölskyldu Kristjáns. Hverjir tilheyra henni? Hvernig myndirðu lýsa fjölskyldumeðlimum? Hvernig eru innbyrðis samskipti þeirra? Hvernig lítur heimilið út?

Af hverju eru strákarnir meira heima hjá Pór en Kristjáni?

Systur Pórs eru bæði þreytandi og ástríkar, skemmtilegar og erfiðar.

Hvaða hug ber Pór til systra sinna?

Hvað finnst systrunum um bróður sinn?

Hvenær eru þær sérlega þreytandi við hann? Fara þær stundum yfir strikið?

Hvenær eru þær sérlega góðar við hann?

Hvað finnst Kristjáni um a) systur Pórs? b) Systkinasamband þeirra?

Hvað finnst systrunum um Kristján? Hvernig koma þær fram við hann? Hvernig bregðast þær við sjálfsmorðstilraun hans?

Foreldrar Pórs eru skilin en hann virðist sjaldan hitta föður sinn. Mamma hans vill gjarnan fara út á lífið en framboðið er takmarkað og börnin hennar afar tortryggin.

Af hverju hittir Pór pabba sinn svo sjaldan? Hvað finnst honum um það?

Hvers vegna vilja systkinin ekki að mamma þeirra hitti nýjan mann?

Hvaða kostir fylgja því að alast upp hjá einstæðu foreldri?

Foreldrar Kristjáns eru í hjónabandi en samband þeirra er eitruð og í lok myndarinnar ætla þau að skilja. Pabbi Kristjáns er alkóhólisti og beitir fjölskylduna ofbeldi. Mamma reynir að leyndu því og hylmir yfir fyrir mann sinn og verndar son sinn. Hún er það sem kalla mætti meðvirk.

Hvað felst í því að vera meðvirkur? Flettu því endilega upp en gættu þess að nota áreiðanlegar heimildir! Sjá mögulega hlekkir fyrir neðan.

Hvernig líst Kristjáni á skilnað foreldranna?

Meira um myndina:

Viðtal við leikstjórnann á Facebook-síðu Folkets bio (myndskrá, 6 mín., 30 sek.):

https://www.facebook.com/pg/folketsbio/videos/?ref=page_internal

Viðtal við leikstjórnann í Kulturnytt í SR (texta- og hljóðskrá): <http://sverigesradio.se/sida/artikel.aspx?programid=478&artikel=6656057>

Viðtal við leikstjórnann í bandaríska Variety (textaskjal): <http://variety.com/2016/film/festivals/gudmundur-gudmundsson-heartstone-iceland-new-director-generation-1201938928/>

Proskamyndir:

Mitt liv som hund (Lasse Hallström, Svíþjóð, 1985)

Stand by me (Rob Reiner, USA, 1986)

Mean Girls (Mark Waters, USA, 2004)

Flickan (Fredrik Edfeldt, Svíþjóð, 2009)

Tomboy (Céline Sciamma, Frakkland, 2011)

Aðstandendur og starfslið

Leikstjórn Guðmundur Arnar Guðmundsson

Handrit Guðmundur Arnar Guðmundsson

Aðalhlutverk Baldur Einarsson, Blær Hinriksson, Diljá Valsdóttir

Aukahlutverk Katla Njálisdóttir, Nína Dögg

Filippusdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson

Stjórn kvikmyndatöku Sturla Brandth Grovlen

Klipping Anne Österud, Janus Billeskov, Andri Steinn Guðjónsson

Tónlist Kristian Eldnes Andersen

Aðalframleiðandi Anton Máni Svansson,

Lise Orheim Stender, Jesper Morthorst,

Guðmundur Arnar Guðmundsson

Búningar Helga Rós V. Hannam

Lengd 129 mín

Framleiðsluár 2016

Kennslufni unnið fyrir: Filminstituted.se/filmpedagogik

Texti Malena Janson

Ritstjóri Anna Håkansson

Þýðing Nanna Gunnarsdóttir